



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
FORNLEIFAEILD

Staða fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ

(Drög)

Ragnar Edvardsson

Desember 2006

NV nr. 4-06

1. Inngangur	3
2. Fornleifaskráning	3
3. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ	6
4. Framkvæmd fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ.....	7
6. Kort	8
7. Heimildaskrá	9

1. Inngangur

Að beiðni Ísafjarðarbæjar tók fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að sér að gera úttekt á stöðu fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ eins og hún stendur haustið 2006. Almenn séð hefur fornleifaskráning stórauðist á öllu Íslandi og er því helst að þakka endurbættum þjóðminjalögum um verndun fornminja og minjastaða af öllum stærðum gerðum. Þó eru stór svæði um allt land ókönnuð en sveita- og bæjarstjórnir á landinu öllu eru í auknum mæli að láta skrá minjastaði í umdæmum sínum.

Segja má að fornleifaskráning hafi fyrst hafist á Vestfjarðarsvæðinu í upphafi 9. áratugarins með skráningu minja í Rauðasandshreppi á suðurfjörðum (Guðmundur Ólason, 1994) en skipuleg skráning hófst ekki fyrr en á árunum 1995 – 97 með skráningu Bolungarvíkurkaupstaðar (Ragnar Edvardsson, 1996, 1997, 2000). Síðan þá hafa Kaldrananes- og Árneshreppar í Strandasýslu verið skráðir og að auki all nokkrir minjastaðir víðsvegar um Vestfirði í tengslum við ýmisskonar framkvæmdir, s.s. vegagerð osfrv. (Ragnar Edvardsson 2000, 2001, 2002, 2004a, b og c, 2005a og 2005b).

Markmiðið með þessari skýrslu er að gefa heildar yfirsýn yfir fornleifaskráningu í landi Ísafjarðarbæjar og koma með tillögur um frekari skráningu á minjastöðum á svæðinu.

2. Fornleifaskráning

Fornleifaskráning (Archaeological survey) er grunnrannsókn í fornleifarannsókn og er undanfari fornleifauppgraftrar. Í raun ætti ekki að aðskilja þessa tvo þætti fornleifarannsóknar þar sem að enginn uppgröftur getur átt sér stað án þess að lágmarks fornleifaskráning hafi farið fram. Því miður er það svo að almenningur og ráðamenn átta sig ekki á mikilvægi fornleifaskráningar og þar af leiðandi er oft ráðist í uppgröft án þess að lágmarks skráning sé framkvæmd. Afleiðing þessa er einfaldlega að minjastaður sem grafinn er upp án þess að skráning hafi farið fram er tekinn úr samhengi við umhverfi sitt og þar af leiðandi glatast mikilvægar upplýsingar um minjastaðinn.

Aðferðafræðilega séð felur fornleifaskráning í sér að ákveðið svæði er valið með það að markmiði að finna og skrá alla minjastaði á svæðinu. Skráningarferlinu er oftast skipt í tvennt; undirbúningsvinna og svo vettvangskönnun. Undirbúningsvinnan felur í sér athugun á ýmsum heimildum, s.s. loftmyndir, kort, jarðabækur, örnefnaskrár, fornleifaskrár og aðrar ritaðar heimildir, ljósmyndir, gömul málverk og annað sem getur gefið hugmynd um staðsetningu minjastaða. Vettvangsathugunin felur í sér að allt svæðið er skoðað af nákvæmni og þarf sú vinna að vera vel ígrunduð og skipulögð svo að engir minjastaðir verði útundan. Fornleifafræðin býður upp á ýmsar aðferðir við skráningu minjastaða á vettvangi.

a) Heildarskráning (total survey). Gengið er um allt fyrirhugað skráningarsvæði. Þetta felur í sér að hópur manna raðar sér upp með stuttu millibili og síðan er svæðið gengið og allt sem er talið mikilvægt er skráð, rústir, grunsamlegir hólar og jafnvel einstaka gripir í yfirborði, sem gætu gefið til kynna fornleifar í nágrenninu.

b) Hlutaskráning (sample survey). Í mörgum tilfellum eru svæði svo stór að ekki er unnt með góðu móti að heildarskrá allt svæðið og þá er gripið til þess ráðs að velja ákveðna hluta svæðisins sem eru heildarskráðir. Þetta gefur nákvæma skráningu á


ákveðnum hlutum svæðisins og með þeim upplýsingum er hægt að áætla heildarfjölda minja á öllu svæðinu.

c) Heimildaskráning (Historical survey). Þessi aðferð felur í sér að reynt er að staðsetja minjastaði út frá rituðum heimildum. Við vettvangsathugun er farið beint á þann stað þar sem að heimild gaf staðsetningu minjastaðarins til kynna.

Aðferðir a og b byggja á fornleifafræðilegri aðferðafræði þar sem að fornleifaskráningin er hönnuð út frá forsendum fornleifafræðinnar en aðferð c byggir á sögulegri aðferðafræði þar sem að heimildirnar eru grunnforsendur við skráningu minjastaðanna. Með aðferð a og b er minni hætta á að farið sé á mis við óþekkta minjastaði, i.e. þeir sem ekki koma fram í heimildum en aðferð c býður upp á þá hættu að skrásetjari fari eingöngu á þá staði þar sem heimild gaf minjastað til kynna og að aðrir óþekktir staðir verði útundan.

Á Íslandi hefur þróun í fornleifaskráningu að mestu snúist um aðferð c og er staðan sú að flestir þeir sem stunda skráningu minjastaða nota þessa aðferðafræði. Íslenskir fornleifafræðingar hafa reynt að bæta nákvæmri vettvangskonun við heimildaskráninguna, i.e. einhverskonar blanda af aðferðum a, b og c, og reynt að ganga skráningarsvæðið af nákvæmni. Reynslan hefur sýnt að með þessari aðferðafræði verða margir minjastaðir útundan og er það sennilega vegna þess að aðferðafræðin er hönnuð út frá sagnfræðilegum forsendum ekki fornleifafræðilegum. Skrásetjarinn einblínir einfaldlega of mikið á þá staði sem fundist hafa í heimildum og þar af leiðandi sér ekki aðra óþekkta minjastaði. Grunnurinn að allri skráningu fornminja verður að byggja á fornleifafræðilegum heimildum, i.e. landslagi og það yfirborð skráningarsvæða gefur til kynna. Í fornleifafræði eiga ritaðar heimildir ekki að ráða aðferðafræðinni heldur á að nýta þær sem aukaheimildir við þær sem fornleifafræðin nýtir sér.

Í 18. grein Þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess...”



Kort 1. Fjöldi skráðra minjastaða eftir hreppum á 19. öld í Ísafjarðarsýslu.

Stærstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum við ýmisskonar framkvæmdir. Í 21. grein Þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stoðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en að kemur að jarðraski og þar með spara verulegar fjárhæðir fyrir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilningur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein Þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hverskonar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu á Íslandi:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hver kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún-akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaður, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða krisnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkjum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir, og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa búið.

Þó miðað sé við mannvirkjaleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna fornminja á Íslandi. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskplön, áveituskurðir, minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess.

3. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ

Í dag nær Ísafjarðarbær yfir svæðið frá Dýrafirði og að Súðavík sem er stór hluti Norður Ísafjarðarsýslu. Eingöngu eru það Bolungarvíkur- og Súðavíkurkaupstaður sem eru ekki innan marka Ísafjarðarbæjar.

Áður fyrr voru á þessu svæði hrepparnir; Mýrarþingsókn, Arnarfjarðarströnd, Dýrafjarðarhreppur, Súgandafjörður, Önundarfjörður, Skutulsfjörður, Eyrarsókn, Grunnavíkursveit og Aðalvíkursveit. Á 19. öld voru 165 bæir í byggð á þessu svæði og sé reiknað með 20 minjastöðum á jörð að meðaltali þá má búast við að fjöldi minjastaða í Ísafjarðarbæ sé í heild 3300 staðir. Þessi áætlun er byggð á reynslu við skráningu minjastaða í Bolungarvík og í Strandasýslu.

Fornleifaskráning hefur farið fram á nokkrum stöðum í Ísafjarðarbæ og þá helst í tengslum við ýmisskonar framkvæmdir. Árið 2002 lét Ísafjarðarbær skrá minjar í Skutulsfirði og í þeim áfanga voru 11 jarðir skráðar (Ragnar Edvardsson, 2002c). Þjóðminjasafn Íslands hefur látið skrá nokkrar jarðir og eru það Holt í Önundarfirði og Hraun í Keldudal (Ragnar Edvardsson, 1997, 2000b).

Nokkrir aðrir staðir hafa verið kannaðir án þess að skipuleg fornleifaskráning hafi farið fram og þá helst vegna lítilla framkvæmda, s.s á Flateyri og Suðureyri (Ragnar Edvardsson, 1999a og c).

Tafla 1. Fjöldi jarða og minjastaða í Ísafjarðarbæ og skráðir/óskráðir minjastaðir (ath. jarðarfjöldi er miðaður við hvernig hann var um miðja 19. öld.

Hreppur á 18. – 19. öld.	Fjöldi bæja	Áætlaður fjöldi minjastaða	Fjöldi skráðra minjastaða	% af heildarfjölda
Súgandafjörður	14	280	19	7
Önundarfjörður	30	600	34	5
Skutulsfjörður	13	359	175	49
Grunnavíkursveit	35	700	0	0
Aðalvíkursveit	26	520	30	6
Mýrarþingsókn	27	540	0	0
Dýrafjarðarhreppur	20	400	20	5
Samtals:	165	3300	278	12%

Ekki er vitað um að fleiri staðir hafi verið skipulega fornleifaskráðir en alltaf má búast við að einhverskonar fornleifakönnun geti hafa farið fram á vegum jarðaeigeinda og annara sem áhuga hafa á fornminjum en slíkar upplýsingar eru sjaldan gefnar út. Af þessu má draga þá ályktun að um eingöngu 12% af öllum minjastöðum í Ísafjarðarbæ hafi verið fornleifaskráðir og um 88% séu óskráðir.

4. Framkvæmd fornleifaskráningar í Ísafjarðarbæ

Fornleifaskráning er nokkuð dýr og tímafrek framkvæmd og þarfnast talsverðs undirbúnings. Við framkvæmd skráningar á minjastöðum í Ísafjarðarbæ er nauðsynlegt að hanna og skipuleggja skráninguna af nákvæmni. Taka verður tillit til ýmissa atriða, s.s. áætlanir um skipulag íbúðasvæða, bygginga og vegaf framkvæmda, osfrv. Nauðsynlegt er að forgangsraða skráningarsvæðum svo að skráninging nýtist Ísafjarðarbæ sem best.

Það má áætla að hægt sé að skrá allar fornminjar í Ísafjarðarbæ á 8 – 9 mánuðum og þar má reikna með að undirbúningsvinna tæki 70 daga og vettvangsvinnan taki um 170 - 200 daga, ef unnið er venjulega vinnuviku frá 8 – 5.

Mikilvægt er að taka fram að þegar að skráningu minjastaða á Hornstrandasvæðinu kemur má reikna með að vettvangsvinnan taki talsverðan tíma þar sem að mikið er um vegleysur og í mörgum tilfellum erfitt að komast að minjastöðum.

Skráningarferlinu má skipta í áfanga og dreifa skráningarferlinu yfir langt tímabil. Í fyrsta áfanga mætti vinna undirbúningsvinnuna, þ.e. heimildaöflun, síðan má skipta vettvangsvinnunni upp og leggja áherslu á þau svæði sem að Ísafjarðarbær telur mikilvæg, þ.e. svæði sem á að skipuleggja eða tilvonandi framkvæmdarsvæði.

6. Kort



Kort 1. Dreifing fornleifaskráðra minjastaða í Isafjarðarbæ.

7. Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson, Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar VII, *Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi Vesturbyggð, V-Barðastrandasýslu*, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík 1994.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík*, 1996, Reykjavík 1996.

Ragnar Edvardsson, Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafnsins, 1997, *Fornleifaskráning á Holti í Önundarfirði*, Reykjavík 1997.

Ragnar Edvardsson, Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafnsins 1997, *Fornleifaskráning á Rauðamýri*, Reykjavík 1997.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík 1997*, Reykjavík 1997.

Ragnar Edvardsson, *Deiliskráning á Flateyri*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999a.

Ragnar Edvardsson, *Deiliskráning á Kirkjubóli í Engidal*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999b.

Ragnar Edvardsson, *Deiliskráning á Suðureyri við Súgandafjörð*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999c.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1999.

Ragnar Edvardsson, *Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarveggar í Ísafjarðarsýslu*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2000.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi II*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2000a.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík III*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2000.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Skötufirðir og Hrauni í Keldudal*, Reykjavík 2000b.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi*, Lokaskýrsla, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifar í Árneshreppi á Ströndum*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002a.

Edvardsson, R., Eiríksson, Þ., Gunnarsson, H.H., Óladóttir, A., Sigurvinsson, J.R., Valdimarsdóttir, M. *Snjóflóðavarnir í Bolungarvík – Traðarhyrna, Mat á Umhverfisáhrifum*. Ritstjóri Már Erlingsson, Framkvæmdarsýsla Ríkisins. Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík 2002b.

Ragnar Edvardsson, Ruth A. Maher, *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ, I. Hluti Eyrarhreppur hinn forni, Svæðisskráning og aðalsskráning jarðanna Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból*. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NVNR 8/02, Bolungarvík 2002c.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifarannsókn í Tröð í Bolungarvík. Frumrannsókn unnin vegna byggingar snjóflóðagarðs*. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 1-04, 24 bls.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifarannsókn á stekk á Gálmarströnd í Strandasýslu. Unnið fyrir Vegagerðina*. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 2-04, 7 bls.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Verstöðvarnar á Saurtúni og Skálavík. Fornleifarannsókn á verminjum á Vestfjörðum*. Áfangaskýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 3-04, 15 bls.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi í A-Barðastrandarsýslu vegna ný- og endurlagningu Vestfjarðavegar nr. 60*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 17-04.

Ragnar Edvardsson. 2005a. *Meningarminjar við nýtt vegstæði í Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 4-05.

Ragnar Edvardsson. 2005b. *Fornleifakönnun vegna snjóflóðagarðs í Kubba við Holtahverfið í Ísafjarðarbæ*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 11-05.